

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. HALDINN ÞRIÐJUDAGINN
29. JÚNÍ 2021 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Þórunn Kristinsdóttir yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Þórunn tók við fundarstjórn og lagði til að Berglind Guðmundsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærán að afgreiða dagskrárefni. En til fundarins var boðað með bréfi til sjóðfélaga sem sent var 9. júní sl. Enn fremur var fundurinn auglýstur á heimasíðu sjóðsins þann 8. júní þar sem fundargögn voru birt og minnt á fundinn með auglýsingu í Fréttablaðinu þann 26. júní.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi dagskrá og tillögur:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir tryggingarfræðilegu mati
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
5. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins
6. Kjör tveggja stjórnarmanna og varamanna þeirra
7. Kjör endurskoðanda
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður LSBÍ flutti skýrslu stjórnar og sagði að árið árið 2020 hafi verið á heildina litið afar farsælt ár fyrir sjóðinn. Þrátt fyrir mikla óvissu á innlendum og erlendum mörkuðum var árið 2020 sjóðnum einkar farsælt. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 14,1% mælt í Bandaríkjadal eða alls 20,3% í íslenskum krónum, sem skýrist af veikingu krónunnar á móti helstu viðskiptamyntum. Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði náði sér á strik eftir mestu lækkun frá efnahagshruni í marsmánuði 2020 og hækkaði úrvalsvísitala hlutabréfa um 20,5% á árinu.

Jde

BG

Eignasafn sjóðsins og fjárfestingastefna er íhaldssöm og varfærin og hlutfall innlendra skuldabréfa því hátt. Lækkun stýrivaxta á árinu leiddi til lækkunar á ávöxtunarkröfu innlendra ríkisskuldabréfa sem aftur skilaði sér í góðri ávöxtun eignaflokksins. Ávöxtun verðtryggðra skuldabréfa var á bilinu 4,9% til 9,4% og ávöxtun óverðtryggðra frá 5,4% til 7,4%. Vægi skuldabréfa og varfærin fjárfestingarstefna skila farsælli niðurstöðu og er raunávöxtun ársins 2020 5,67%.

Ávöxtun sjóðsins síðustu fimm og tíu ár er með ágætum. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár er 5,45% og ef litið er til síðustu 10 ára þá er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 6,01%. Þetta er vel yfir 3,5% mörkunum sem lífeyrissjóðir miða alla jafna við í tryggingafræðilegu uppgjöri. Það eru hins vegar blikur á lofti og ljóst að í því lágvaxtaumhverfi sem við búum nú við mun það reynast öllum lífeyrissjóðum erfitt að ná því ávöxtunarmarkmiði til framtíðar. Sjóðir munu því þurfa að stíga inn í áhættumeiri eignir til að ná ásættanlegri ávöxtun, ljóst er hins vegar að sjóðurinn okkar mun halda sig við varfærna fjárfestingarstefnu eftir sem áður enda lokaður sjóður.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur verið með eindæmum góð undanfarin ár líkt og sjóðfélagar þekkja. Á ársfundi 2016 var tryggingafræðileg staða sjóðsins 17,6% og voru áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 10% í kjölfarið. Árið 2015 voru réttindi aukin um 2% til viðbótar við 14% aukningu árið 2012. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er nú er 12,56% sem er hæsta jákvæða staða lífeyrissjóðs í landinu og það í kjölfar mikilla aukninga réttinda síðast liðin ár. Engin sjóður státar af annarri eins sögu tryggingafræðilegrar stöðu og aukningu réttinda líkt og við höfum átt að venjast síðastliðin ár. Þessi góða staða kallar á aukningu réttinda til sjóðfélaga sem er stjórn að sjálfsgöðu mikið gleðiefni. Stjórn hefur lagt til aukningu á réttindum sem farið verður yfir hér á eftir og er í tillögum stjórnar, líkt og áður, stigið varlega til jarðar - leið sem hefur reynst sjóðnum farsæl undanfarin ár.

Það verður ekki hjá því komist að nefna COVID 19 hér á þessum fundi, enda hefur farsóttin haft veruleg áhrif á daglegt líf okkar allra undanfarið eitt og hálf ár, líf og heilsu fólks, efnahagslífið og þar með markaði. Lífeyrissjóðir hafa ekki farið varhluta af því ástandi sem hefur skapast og miklar sveiflur hafa einkennt þróun eignaverðs. Eftir skarpa dýfu hafa markaðir komið vel til baka og okkar sjóður hefur staðið þessar fordæmalausis aðstæður vel af sér. Þó hér horfi nú allt til betri vegar og bjartsýnin er mikil er óvissan að einhverju leyti enn uppi og ekki ljóst hvenær COVID19 og efnahagsleg áhrif þess sem fylgja um heim allan verður að fullu lokið. Í ljósi þeirrar óvissu og svo aftur þeim áskorunum sem lækkandi vaxtastig setur sjóðnum okkar hefur stjórn ákveðið að leggja til hóflega hækkun réttinda að svo stöddu þó vissulega sé staða sjóðsins afar góð. Á tímum sem þessum er mikilvægt að sýna fyrirhyggju, stíga varlega til jarðar og hafa bæði belti og axlabönd þegar lífeyrir okkar allra er annars vegar.

Jok

BG

Hér á eftir mun Hjörleifur Arnar Waagfjörð, forstöðumaður Eignastýringar Arion banka fara nánar yfir ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarstefnu og Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun fjalla um niðurstöður úr tryggingafræðilegri úttekt sinni á sjóðnum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam tuttugu og sex milljörðum þrjátíu og fimm milljónum þrjúhundruð tuttugu og þrjú þúsund króna í árslok 2020. Á árinu hækkaði hún um 3,7% sem er ánægjulegt að sjá hjá sjóði eins og okkar þar sem lífeyrisgreiðslur eru hærri en iðgjöld.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 13 milljónir króna vegna 13 greiðandi sjóðfélaga, en iðgjöld til sjóðsins voru 18 milljónir árið áður og hafa þau því lækkað um 28%. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 7 færri en á árinu á undan en eins og kunnugt er þá er sjóðurinn lokaður fyrir nýjum greiðendum.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.371 milljónum króna sem er um 6% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 381. Meðalfjöldi þeirra sem þáði lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum á árinu var 356.

Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir kynna helstu niðurstöður ársreiknings sjóðsins.

Á síðasta ári varð engin breyting á aðalstjórn. Stjórn sjóðsins skipuðu því, auk þess sem hér stendur og tók að sér stjórnarformennsku, Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi og Brynja Þorbjörnsdóttir viðskiptafræðingur, MBA. Breyting varð á varastjórn en hana skipuðu skipuðu Lára Jóhannsdóttir, Ársæll Hafsteinsson sem kom inn á síðasta ársfundi í stað Önnu Maríu Bragadóttur og Árni Emilsson. Í endurskoðunarnefnd sjóðsins sátu Tryggvi E. Geirsson, formaður, Brynja Þorbjörnsdóttir og Þórunn Kristinsdóttir.

Í ár verða breytingar á stjórn en ég hef ákveðið eftir þriggja áratuga starf í þágu sjóðsins að láta gott heita. Samfylgdin við sjóðinn, sjóðfélaga, stjórnarmenn og starfsfólk hefur verið einstaklega ánægjuleg og ég kveð vitandi það að sjóðurinn er í góðum höndum. Ég tel að horfur sjóðsins fyrir yfirstandandi ár séu góðar þrátt fyrir þá fordæmalausu atburði sem við höfum öll staðið frammi fyrir. Staða sjóðsins er sterk og framtíð sjóðsins er á heildina litið björt.

Ágætu sjóðfélagar. Ég vil þakka góð samskipti við sjóðfélaga frá síðasta ársfundi og ennfremur þakka meðstjórnendum ánægjulegt samstarf. Jafnframt þakka ég framkvæmdastjóra sjóðsins, starfmönnum eignastýringar Arion banka og þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.

Fundarstjóri þakkaði formanni stjórnar fyrir sína skýrslu og lagði til að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin fyrir samhliða umræðum um ársreikning sjóðsins, ávöxtun og fjárfestingarstefnu. Enginn lýsti sig mótfallinn því og kynnti fundarstjóri því næst framkvæmdastjóra sjóðsins og bauð henni í pontu.

2. Kynning á ársreikningi

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri LSBÍ fór yfir lykilatíði í ársreikningi LSBÍ 2020. Hún benti sjóðfélögum á að undanfarin ár hefði aukist mjög við upplýsingagjöf í ársreikningum lífeyrissjóða sem væri jákvætt og hvatti sjóðfélaga til að kynna sér efni hans vel.

Snædís fór yfir breytingu á hreinni eign sem finna má á bls. 7 í ársreikningi sjóðsins. Lækkun iðgjaldagreiðslna á milli ára nemur 26,3% og hækkun lífeyrisgreiðslna á móti um 6% frá árinu áður. Hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins voru 2,3 milljarðar sem er um 12% minna en árið áður. Rekstarkostnaður hækkað á milli ára um 14% og verður betur farið yfir það í skýringum. Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði á milli ára um 3,7% og fer við það í um 26 milljarða. Líkt og við er að búast jukust lífeyrisgreiðslur á meðan iðgjöld drógust saman en en ávöxtun eigna sjóðsins hefur gengið mjög vel og útskýrir það hækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Þá fór Snædís yfir efnahagsreiknings sjóðsins og sjóðsstreymi. Í efnahagsreikningnum má sjá hvernig eignahlutir skiptast í félög og sjóði og skuldabréfaeign sem er í takt við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðstreymið sýnir aftur á móti hreyfingar á sjóðnum og má þar sjá að heildarinnngreiðslur sjóðsins eru rúmar 18 milljónir króna sem er töluverð lækkun frá fyrra ári.

Að lokum fór Snædís yfir helstu skýringar og kennitölur í ársreikningnum. Hún fjallaði um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins sem væri nú yfir settum mörkum eða 12,56% og fór yfir réttindaaukningar síðustu ára. Í fyrra hefði staðan verið rétt undir 10% en væri nú komin yfir það, ef staðan fer yfir 10% eða 5% fimm ár í röð þá þarf að bregðast við því.

Snædís fjallaði um rekstarkostnaðinn sem hækkaði aðeins á milli ára. Lögfræðikostnaður, laun og launatengd gjöld auk eftirlitsgjalds sem hækkuðu mest á árinu. Þá fór Snædís yfir skýringu vegna útgreiðslna. Greiddur lífeyrir hækkaði á árinu 2020 en makalífeyrisgreiðslur lækkuðu á árinu og engin barnalífeyrir var greiddur vegna árána 2019 eða 2020. Greiddar dánarbætur voru rúmlega 2 milljónir króna.

pk

BC

Snæðis vakti að lokum sérstaka athygli á skýringu 8 en þar er gerð grein fyrir helstu áhættuþáttum sjóðsins. Hvatti hún sjóðfélaga til að kynna sér þann hluta og fór svo sérstaklega yfir álagspróf á tryggingafræðilega stöðu.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir ávöxtun og eignastýringu á árinu 2020. Hann sagði fyrst frá því að árið hefði farið ágætlega af stað en þegar Covid fór að láta á sér kræla varð mikill titringur. Verðbréfamarkaðir lækkuðu flestir mikið við upphaf Covid svo og krónan veiktist gagnvart helstu myntum, en þegar leið á árið tók markaðurinn aftur við sér og krónan styrktist. Innlend og erlend hlutabréf hækkuðu um 20% í íslenskum krónum, verðtryggðu skuldabréfin um 8,4% en óverðtryggðu skuldabréfin 6,8% mælt með vísitölum Kauphallar Nasdaq OMX.

Raunávöxtun sjóðsins var 5,7% á árinu 2020 en meðalraunávöxtun síðustu 24 ára um 6,5%.

Hlutfall innlendra skuldabréf er svipað milli ára en þó nokkrar hreyfingar hafa átt sér stað innbyrðis í skuldabréfaflokki. Skráð og óskráð hlutabréf standa í um 17%. Hlutfall erlendra eigna óbreytt á milli ára. Fimm stærstu skuldabréf fyrirtækja eru um 10,5% af eignum sjóðsins. Fimm stærstu innlendu hlutabréfin horft gegnum hefðbundna sjóði vega um 4,5% og 5 stærstu óskráðu innlendu félögin um 3,5%.

Hjörleifur vakti athygli fundargesta á grein sem birt var á heimasíðu sjóðsins um sérhæfðari fjárfestingar sjóðsins, uppbyggingu, hverjar þær eru og hvernig gengið hefur.

Hjörleifur fór yfir fjárfestingastefnu fyrir hönd stjórnar. Markmið, vikmörk eigna og helstu breytingar á milli ára. Hæsta hlutfallið er enn sem áður í skuldabréfum. Hlutfall innlendra hlutabréfa er óbreytt. Vægi áhættuminni bréfa líkt og ríkisskuldabréfum og sértryggðra minnkað heldur á kostnað áhættumeiri bréfa.

Að lokum var farið yfir ávöxtun sjóðsins það sem af er 2021, hún var m.v. 25. júní 2021 5,8%.

Fundarstjóri opnaði á umræður vegna fjárfestingarstefnu, ársreiknings og skýrslu stjórnar. Enginn óskaði eftir orðinu og engar athugasemdir voru gerðar við ársreikninginn.

Ársreikningur LSBÍ 2020 var í framhaldinu borin undir atkvæði og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

ple

BG

4. Tryggingafræðileg úttekt

Bjarni Guðmundsson gerði grein fyrir niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31.12.2020 og benti á að helstu forsendur má finna í reglugerð nr. 391/1998. Heimilt er að víkja frá þeim sé talið að aðrar forsendur gefi betri mynd af stöðu sjóðsins en mikilvægustu forsendurnar eru í tengslum við vexti og lífslíkur. Breyting var gerð á reikniforsendum matsins í tengslum við Lífslíkuspá sjóðfélaga. Bjarni tók fram að örorkulífeyrir hefði almennt verið lágur í sjóðnum og gert væri ráð fyrir 3,5% ávöxtun sjóðsins umfram hækkun verðlags í samræmi við reglugerð.

Bjarni talaði um að í reglugerðinni væri komið inn á rekstrarkostnaðinn þar sem hann skyldi teljast sem skuldbinding en lögin segðu rekstrarkostnað eiga að dragast frá eignumum. Þetta hefði áhrif á stöðu sjóðsins og væri reiknað í anda reglugerðarinnar. Úttektin miðar við áunnin réttindi og réttindi til framtíðar en framtíðarréttindi eru eðli máls samkvæmt lítil stærð hér. Við útreikning skuldbindingarinnar eru tveir leiðréttingarliðir. Endurmat á skuldabréfum, þegar verið að meta skuldbindingarnar er verið að gera spá um greiðsluflæði til að geta borgað þennan greiðslustraum ef sjóðurinn væri með 3,5% ávöxtun. Stærsti hluti skuldbindingar er ellilífeyrinn og síðan makalífeyrir og dánarbætur og rekstrarkostnaður að lokum er framtíðarskuldbindingum bætt við.

Bjarni fór yfir að breyting á heildarstöðu sjóðsins hefði farið úr 9,8% í 12,2% og áfallin staða úr 10,3% í 12,6%. Staða sjóðsins væri því nú utan leyfilegra marka og þá væri stjórninni skylt að gera eitthvað í því. Tryggingafræðingi væri skylt að láta Fjármálaeftirlitið vita og upplýsa stjórn um stöðuna. Bjarni lagði til 3% hækkun, fyrst og fremst vegna vaxtaumhverfisins í dag þar sem ekki er hægt að taka mikla áhættu og ekki auðvelt að ná þessari 3,5% ávöxtun með eignum í skuldabréfum. Jafnframt vegna óvissu með rekstarkostnað sjóðsins.

Engar spurningar komu til Bjarna.

5. Tillaga stjórnar til samþykktarbreytinga

Snædís Ögn, framkvæmdastjóri sjóðsins, fór yfir tillögur stjórnar til samþykktarbreytinga sem legið hafa frammi á heimasíðu sjóðsins. Breytingar þær sem lagðar eru fram snúa að 4. og 11. gr. samþykpta sjóðsins ásamt breytingu á Viðauka IV er tekur til yfirlits yfir sérstakar breytingar á réttindum sjóðfélaga.

gok.

BG

Breytingar á 4. gr. snúa að umboði og sjálfstæði stjórnarmanna. Þá er jafnframt gerð breyting á vísun til sjóðfélagalána sjóðsins.

Breytingar á 11. gr. og Viðauka IV eru til þess fallnar að auka áunnin réttindi sjóðfélaga í ljósi jákvæðrar tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins.

Tillaga 1:

Með fyrri tveimur breytingunum á gr. 4. grein er lagt til að óheimilt verði að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjör- eða skipunartímabili nema stjórnarmann bresti hæfi skv. lögum eða samþykktum til að gegna stjórnarsetu. Þá er því lýst hvernig staðið skuli að slíkri afturköllun og jafnframt tekið á því að annar stjórnarmaður komi ekki í hans stað fyrr en á næsta ársfundi og varamaður taki sæti hans fram að því. Þá er samhliða tekið upp í samþykktir þessar að stjórnarmaður geti stigið til hliðar að eigin frumkvæði og skuli gera slíkt bresti hann hæfi. Breytingin er lögð til m.a. í framhaldi af dreifibréfi Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og í kjölfar þess athugunar stofnunarinnar á því hvort sjálfstæði stjórnarmanna lífeyrissjóða sé nægilega tryggt í samþykktum þeirra. Með breytingartillögunni er skerpt á ákvæðum samþykktja sjóðsins um það hvort, hvernig og með hvaða hætti umboð stjórnarmanna verður afturkallað. Í þriðju og síðustu breytingunni á 4. gr. er tilvísun í lán úr sjóðnum fjarlægð og í þess stað kemur vísun í skilmálabreytingar og aðrar breytingar á þegar veittum lánum. Stjórn sjóðsins tók ákvörðun um að hætta lánveitingum í lok árs 2020 og því er ekki lengur um ný lán úr sjóðnum að ræða. Þau lán sem fyrir voru geta tekið breytingum og lánanefnd sjóðsins tekur slík mál fyrir.

Breytingar á 4. grein – umboð stjórnarmanna, sjóðfélagalán (breytingar auðkenndar með rauðu)

4. gr. Um stjórn og framkvæmdastjóra

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Fundur sjóðfélaga skal kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara. Arion banki hf. skal tilnefna einn stjórnarmann og einn til vara. Stjórnarmenn og vara-menn þeirra skulu kosnir á ársfundi til tveggja ára í senn og skal tilnefning þess stjórnarmanns sem tilnefndur er af Arion banka hf. og varamanns hans ekki vera til skemmri tíma hvert sinn. Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt sig úr stjórn og skal segja sig úr stjórn bresti hann hæfi samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Tilkynna skal stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun þess efnis með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði eða samþykktir. Þurfi aðalmaður eða varamaður að stíga til hliðar skal kjósa á næsta aðalfundi til þess tíma sem eftir stóð af stjórnarsetu viðkomandi ef viðkomandi var kjörin af sjóðfélögum. Ef viðkomandi var tilnefndur af Arion banka skal Arion banki tilnefna nýjan einstakling á næsta aðalfundi.

Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsí-verðan verknað samkvæmt almenn-um hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahluta-félög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska

efnahagssvæðisins. Um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga.

Stjórn skiptir með sér verkum, kýs sér formann og ákveður röðun kjörinna varamanna sem taka sæti í forföllum kjörinna aðalmanna, varamaður tilnefnds stjórnarmanns tekur sæti í hans forföllum. Stígi aðalmaður niður fyrir lok kjörtímabils skal varamaður taka sæti fram að næsta ársfundi. Á fyrsta fundi nýs aðalmanns skal stjórn skipta með sér verkum að nýju. Stjórn ~~Hún~~ sér um rekstur sjóðsins samkvæmt samþykktum þessum.

Stjórnin ber ábyrgð á skipun lánanefndar sjóðsins sem tekur afstöðu til umsókna sjóðfélaga um lán-úr sjóðnum skilmálabreytingar og aðrar breytingar þegar veittra lána skv. lánareglum sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Tillaga 2:

Með breytingu á 11. gr eru áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 3% til viðbótar við þær aukningar sem áður hafa verið samþykktar. Réttindaaukning þessi kemur til framkvæmda þegar kemur að töku ellilífeyris.

Þá bætist ný grein við Viðauka IV, 4. gr. Þar er kveðið á um það með hvaða hætti 3% réttindaaukning kemur fram hjá þeim sjóðfélögum sem hófu töku ellilífeyris fyrir 1.7.2021. Réttindaaukning kemur til framkvæmda frá og með 1.7.2021 en greiðist afturvirkir fyrsta dag næsta mánaðar eftir að staðfesting ráðherra á samþykktarbreytingum liggur fyrir.

Breytingar á 11. gr. og Viðauka IV (breytingar auðkenndar með rauðu):

11. gr. Ellilífeyrir

Þegar kemur að töku ellilífeyris skulu reiknuð áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 2% m.v réttindi í árslok 2014, ~~og~~ 10% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2015 og 3% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2020. Þá skulu heildar reiknuð áunnin réttindi við töku ellilífeyris aukin um 14%. Réttindin taka eftir það breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Í viðauka IV er kveðið á um áhrif þessara breytinga á réttindi sjóðfélaga sem byrjað hafa töku ellilífeyris eða látið af störfum áður en ákvarðanir um réttindaaukningu samkvæmt framangreindu töku gildi.

Viðauki IV – yfirlit yfir sérstakar breytingar á réttindum

1. 29. maí 2013; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2013 skulu aukin um 14% miðað við réttindi í árslok 2012 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013. Frá og með þeim degi taka áunnin réttindi breytingum í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2013.
2. 27. maí 2015; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2015 skulu aukin um 2% miðað við réttindi í árslok 2014 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2015. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2015.

pk
BC

3. 25. maí 2016; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2016 skulu aukin um 10% miðað við réttindi í árslok 2015 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2016. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2016.
4. 29. júní 2021; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2021 skulu aukin um 3% miðað við réttindi í árslok 2020 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2021. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015 og 25. maí 2016. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2021.

Fundarstjóri bauð fundargestum að taka til máls.

Sigurður Kristjánsson kom upp og þakkaði stjórn góð störf en vildi síðan vekja athygli á réttindahækkun. Hann benti á að launavísitala hefði hækkað um 31% á meðan neysluvísitala hefði hækkað um 11%. Honum þætti því þessi réttindahækkun sem lögð væri til frekar lítil. Stjórnin hefði mátt leggja til hækka um 5%. Sigurður kom inn á að rekstrarkostaður hefði hækkað um 14% .

Sigurður lagði fram breytingartillögu á tillögu stjórnar til að réttindahækkunar, þ.e. að réttindahækkun sjóðfélaga yrði 5% og kæmi til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021 í stað 3% hækkunar frá sem kæmi til framkvæmda frá og með 1. júlí 2021. Yrði sú tillaga hans felld kæmi hann með aðra í kjölfarið.

Fundarstjóri bauð Bjarna að skýra fyrir sjóðfélögum hvaða áhrif þessi breyting hefði.

Bjarni kom upp og sagði að tryggingafræðilega staða myndi þá lækka aukalega um 2% og yrði þá rúmlega 7% í staðinn fyrir um 9,3%.

Fundarstjóri kallaði eftir frekari umræðum, engar beiðnir um slíkt bárust. Fundarstjóri lagði þá til að kosið yrði um tillöguna með handauppréttingu. Engin mótmælti því og var þá gengið til kosninga. Kosið var um tillögu Sigurðar að breytingu á tillögu stjórnar, hér nefnd tillaga 2.

Breytingartillaga Sigurðar Kristjánssonar var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

þak -

BL

Tillaga Sigurðar að breytingu á Tillögu 2 lá þá fyrir: 5% hækkun sem tæki gildi afturvirkkt frá 1. janúar 2021.

Breytingar á 11. gr. og Viðauka IV – með breytingartillögum Sigurðar Kristjánssonar á breytingartillögu stjórnar (breytingar auðkenndar með rauðu):

11. gr. Ellilífeyrir

Þegar kemur að töku ellilífeyris skulu reiknuð áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 2% m.v réttindi í árslok 2014, ~~og~~ 10% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2015 og 5% til viðbótar m.v. réttindi í árslok 2020. Þá skulu heildar reiknuð áunnin réttindi við töku ellilífeyris aukin um 14%. Réttindin taka eftir það breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Í viðauka IV er kveðið á um áhrif þessara breytinga á réttindi sjóðfélaga sem byrjað hafa töku ellilífeyris eða látið af störfum áður en ákvarðanir um réttindaaukningu samkvæmt framangreindu töku gildi.

Viðauki IV – yfirlit yfir sérstakar breytingar á réttindum

1. 29. maí 2013; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2013 skulu aukin um 14% miðað við réttindi í árslok 2012 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013. Frá og með þeim degi taka áunnin réttindi breytingum í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2013.
2. 27. maí 2015; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2015 skulu aukin um 2% miðað við réttindi í árslok 2014 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2015. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2015.
3. 25. maí 2016; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2016 skulu aukin um 10% miðað við réttindi í árslok 2015 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2016. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2016.
4. 29. júní 2021; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2021 skulu aukin um 5% miðað við réttindi í árslok 2020 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015 og 25. maí 2016. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir janúarmánuð 2021.

Uppfærð Tillaga 2 varðandi breytingar á 11. gr. og Viðauka IV, með breytingartillögum Sigurðar Kristjánssonar var lögð undir atkvæði og var tillagan samþykkt einhljóma.

Þá var kosið um Tillögu 1 eins og hún var lögð fram af stjórn og var tillagan samþykkt einhljóma.

6. Kosning stjórnar

Fundarstjóri fór yfir hverjir væru í framboði til aðalmanns. Tvö framboð bárust í tvö sæti, Ársæll Hafsteinsson býður sig fram og Tryggvi E Geirsson.

Fundarstjóri bauð fundargestum orðið sem enginn þáði.

Kosning aðalmanna samþykkt samhljóða.

Því næst fór fundarstjóri yfir kjör varamanna. Tvö framboð bárust í sæti varamanna, Sigurður Kristjánsson og Ásta Eyjólfsdóttir bjóða sig fram.

Kosning varamanna samþykkt samhljóða.

Að lokum fór fundarstjóri yfir skipun stjórnarmanna af hálfu Arion banka en Brynja Þorbjarnardóttir var skipaður aðalmaður í stjórn og Lára Jóhannesdóttir varamaður hennar.

7. Kjör endurskoðanda

Stjórn gerði tillögu um að núverandi endurskoðendur sjóðsins, Íslenskir endurskoðendur ehf. og Sveinbjörn Sveinbjörnsson, löggiltur endurskoðandi sjái áfram um endurskoðun sjóðsins fyrir næsta starfsár.

Tillagan um endurskoðanda var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Laun stjórnarmanna

Stjórn gerði tillögu um eftirfarandi stjórnarlaun:

- Stjórnarformaður: 230.050 kr. á mánuði.
- Meðstjórnendur: 134.375 kr. á mánuði
- Varamenn, fyrir hvern setinn fund: 57.513 kr.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir.

Engar fyrirspurnir komu fram og bar þá fundarstjóri tillöguna upp til atkvæðagreiðslu.

Tillagan um laun stjórnarmanna var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

pe

BG

9. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Snædís bað um orðið og þakkaði Jóhannesi fyrir einstaklega gott samstarf síðastliðin ár og færði honum þakklætisvott fyrir hönd stjórnar og starfsmanna. Aðrir báðu ekki um orðið.

Fundarstjóri þakkaði Jóhannesi einnig fyrir samstarfið.

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þá sagði fundarstjóri fundi formlega slitið kl. 18:49.

Reykjavík, 29. júní 2021



Þórunn Kristinsdóttir, fundarstjóri



Berglind Guðmundsdóttir, ritari